



Til menntaráðs

Kópavogi, 15. apríl 2026
26041870/999.00 ABS

Efni: Húsnæðismál Snælandsskóla

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur á undanförnum mánuðum kallað eftir upplýsingum frá stjórnendum og húsumsjónarmönnum grunnskóla, auk annarra stofnana, um forgangsraðaða viðhaldsþörf í þeim tilgangi að skipuleggja og tímasetja viðhald og framkvæmdir fyrir næstu ár.

Fyrirhugaðar viðhalds- og framkvæmdaráætlanir í Snælandsskóla byggja á samantekt umhverfissviðs og nánú samráði við skólastjórnendur og húsumsjónarmann. Á komandi sumri verður ráðist í viðhaldsverkefni bæði innan- og utanhúss. Jafnframt verður, í samráði við skólastjórnendur, lögð áhersla á framkvæmdir sem miða að því að bæta og auka kennslu- og námsrými í ljósi fjölgunar nemenda.

Á undanförnum árum hafa farið fram fjölmargar viðhaldsframkvæmdir í Snælandsskóla. Þar má nefna endurbætur á loftræstingu, yfirferð og endurnýjun á sjö kennslustofum, endurnýjun gólfduka víða í húsnæðinu, endurbætur á þakeinangrun og önnur minni viðhaldsverkefni.

Auk þess hefur staðið yfir endurnýjun brunakerfis, innbrotskerfis og rafmagnslæsinga á hurðum, og verður þeim verkefnum lokið í sumar. Á síðasta ári einu var um 120 m.kr. varið til viðhalds í Snælandsskóla.

Þegar endanleg áætlun og forgangsörðun viðhaldsverkefna liggur fyrir munu sviðsstjórar menntasviðs og umhverfissviðs funda með skólaráði til upplýsinga og samráðs.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

